

Ed.

347. Breytingartillögur

við frv. til l. um fimmtardóm.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Æðsti dómstóll ríkisins nefnist hæstiréttur.
Til vara: Æðsti dómstóll ríkisins nefnist yfirdómur.
Verði önnurhvor tillagan samþykkt, breytist í samræmi við það al-
staðar í frv. orðin „fimmtardómur“, „fimmtardómari“ og „fimmtardóms-
ritari“.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt. Greinatalan breytist samkv. því.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
Hæstarétt skipa fimm dómarar og er einn þeirra forseti dómsins.
Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sér forseta úr sínum hópi, til ekki
skemmri tíma en eins árs í senn.
4. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Eigi má dóm setja með færri dómendum en 5.

5. Við 6. gr. Greinin falli burt. Greinatalan breytist samkv. því.
6. Við 7. gr.
 - a. Í stað „aðaldómari“ og „aðaldómara“ í 1. málsg. komi: hæstaréttardómari og hæstaréttardómara.
 - b. Í stað orðanna „sbr. 6. gr.“ í niðurlagi sömu málsg. komi: eftir þeim reglum, sem gilt hafa.
 - c. Í stað „aukadómara“ í 2. málsg. komi: varadómara.
7. Við 8. gr.
 - a. Orðin „dómari í hæstarétti“ í 2. lið falli burt.
 - b. Aftan við 4. lið bætist: þegar þeir fá veitingu fyrir embættinu.
 - c. Undantekningarákvæðið við 4. lið („undanþegnir þessu skilyrði“ o. s. frv.) falli burt.
 - d. Á eftir 4. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sé að minnsta kosti 1 þeirra einkamál, að hann sé hæfur til að skipa sæti í dóminum.
8. Við 14. gr. Greinin orðist þannig:

Hæstaréttardómarar hafa að ársláunum kr. 12000 hver, auk dýrtíðaruppbótar eftir gildandi launalögum. Forseti hefir að auki 1000 kr. á ári.

Varadómarar fá sérstaka borgun fyrir hvert mál, er þeir dæma. Hæstiréttur ákveður þá þóknun.
9. Við 25.—27. gr. Greinarnar falli niður.
10. Við 37. gr. Orðin „eða í hæstarétti“ falli burt.
11. Við 39. gr. Greinin orðist þannig:

Reglur þær, er gilt hafa um málshöfðun fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, haldist óbreyttar.
12. Við 43. gr. Í stað orðanna „áður gildi um hæstarétt“ komi: hingað til hefir gilt.
13. Við 52. gr. Orðin „og fimmtardómsritari“ í 2. málsg. falli burt.
14. Við 64. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
15. Við 65. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
16. Við 66. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
17. Við 68. gr. Greinin orðist þannig:

Nú er landsyfirdómi eða einstökum yfirdómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstiréttur í staðinn.

Þrir hæstaréttardómarar, hinir elztu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.
18. Við fyrirsögn frumvarpsins. Í stað „fimmtardóm“ komi: hæstarétt.

Til vara: Í stað „fimmtardóm“ komi: yfirdóm.